

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Sunnufold

2016 – 2017



Verum best!

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla.....	2
1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári.....	3
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	5
2.1 Innra mat leikskólans 2015 – 2016.....	5
2.2 Ytra mat 2015 – 2016	6
2.3 Mats- og umbótaáætlun Sunnufoldar fyrir 2016 – 2017	6
3. Umbótaþættir 2016 – 2017.....	8
3.1 Málþroski, læstrarfærni og lesskilningur.....	8
3.2 Verk-, tækni- og listnám	9
3.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi.....	10
3.4 Fjölmening.....	11
Hvað gerum við í Sunnufold	11
4 Aðrar áherslur í starfi leikskólans	12
5 Starfsmannamál	13
5.1 Starfsmannahópurinn 1. júní.....	13
5.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning).....	13
5.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	13
6. Aðrar upplýsingar	14
6.1 Barnahópurinn 1. júní.....	14
6.2 Foreldrasamvinna.....	14
6.3 Samstarf leik- og grunnskóla	14
6.4 Skipulagsdagar.....	14
7. Fylgiskjöl	15

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun Leikskólasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós skóla og frístundasviðs

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið. Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári

Eins og áður er það starfið með börnunum sem veitir starfsfólkinu innblástur og vilja til að veita börnunum kost á leik og námi við hæfi. Þarna er um ákveðna sjálfbærni og hringrás að ræða. Starfið þarf að ýta undir sköpun og frumkvæði barna og starfsfólks og byggja á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Í Sunnufold viljum við að öllum börnum líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu. Þetta er í samræmi við það hlutverk sem við höfum tekið að okkur frá Skóla- og frístundasviði og okkur ber að gera þetta allt í nánú samstarfi við foreldra (sjá á bls. 3). Mannauðsstefna Reykjavíkur kveður einnig á um að starfsfólkið njóti þess besta. Ég finn ánægju í að leitast við að uppfylla þetta allt en finnst okkur þröngur stakkur sniðinn til að verða við því. Bæði er fjármagn og mannskapur af skornum skammti og starfið að mörgu leiti flókið því mörg öfl koma saman og hagsmunir sem varða bæði skólun og gæslu sem ekki má skilja að.

Í byrjun árs 2016 réðumst við í að hreinsa út gamalt og úr sér gengið leikefni. Við gerðum það eftir ábendingu sem kom frá Heilbrigðiseftirlitinu um að leikefni barna þyrfti að vera sérhannað sem leikefni, skv. stöðlum þar um, til að efnasamsetning og elding efnisins væri þannig að ekki yrði tjón af fyrir heilsu barnanna. Í kjölfarið var keypt nýtt leikefni á deildarnar til að búa þeim leikumhverfi sem eflir þau bæði í samleik og einleikjum og er í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla (2011) þar sem skýrt kemur fram að leikur er mikilvægasta námsleið barna á fyrsta skólastiginu og leikföng eru því okkar námsgögn.

Leiknám er bæði félagslegt fyrirbæri og háð menntun kennara um skipulag og samspil, en *leiknám* er einnig háð *leiknámsgögnum*. Tillit til þessa hefur ekki verið tekið í fjárhagsáætlun borgarinnar undanfarin ár og má segja að leikskólabörn búi við fátæklegan kost ef viðmiðum um fjárútlát er fylgt. Nú á dögum var framlag á hvert barn hækkað úr 1800 krónum í 3000 krónur og það er vel en betur má ef duga skal.

Mikill tími starfsfólks fer á hverjum degi í að leysa úr alls konar flækjum sem koma upp í barnahópnum. Við notum leiðbeinandi tón og segjum aftur og aftur það sama til að börnin læri smám saman að leysa ágreining sinn með orðum, læri að bíta ekki og slá ekki hvert til annars. Við leitumst einnig við að tala á milli barnanna og vera sáttasemjarar með þeim. Stundum er mikilvægt að eiga mikið af sama efni til að margir geti notað í einu. Ef upp kemur stöðug áreitni sem einstök börn verða fyrir er nauðsynlegt að vinna sérstaklega með það og verja þau börn og kenna þeim að leita sér hjálpar og standa vörð um sig og sitt. Einelti má ekki líða. Allar þessar aðferðir okkar eru til þess að valdefla börnin þannig að þegar þau verða eldri kunni þau aðferðir sem eru gagnlegar til að halda sínu, án þess að vaða yfir aðra. Þolinmæði, glaðlegt viðmót og að koma fram við börnin eins og maður vill að komið sé fram við mann sjálfan eru lykilatriði ásamt ríku málumhverfi þannig að börnin læri málið og geti hugsað og talað fyrir sig.

Í starfsmannhópnum er stöðug nýliðun, en í Sunnufold hefur okkur einnig tekist að ná ákveðnum stöðugleika. Lykilstarfsmenn eru virkjaðir til áhrifa og við leggjum okkur fram um að vera góð hvert við annað. Við gerum okkur grein fyrir að unga fólkið, sem staldrar stutt við, er okkur mikilvægt. Við höfum bætt móttöku nýliða, förum yfir mikilvæg atriði um starfið með þeim og skýrum væntingar okkar til þeirra á nýliðafundum. Við viðurkennum

líka að þau koma oft með ferska vinda með sér inn í starfið með börnunum.

Um vinnutíma er oft talsverður núningur og hagsmunaárekstrar geta orðið. Við þjónustum með opnunartíma frá 7:30 – 17:00 og það þarf að dekkja langan tíma með tiltölulega fáum manntímum. Oft er það unga fólkið sem vinnur til 17:00 með öðru vanara fólki.

Í síðustu starfsáætlun voru sett fram markmið um aukið foreldrasamstarf m.a. með tíðari upplýsingagjöf. Þetta hefur að einhverju verði gert með því að nota facebook. Og við höfum ásetning um að fjölga foreldrasamtölum og bæta heimasíðu leikskólans.

Við viljum auka útinám í Sunnufold og höfum fengið grenndarsvæði niður við vog þar sem er gömul sumarhúsaloð. Svæðið verður nýtt sem útinámssvæði fyrir börn úr öllum starfsstöðvunum. Sunnufold verður fimm ára 9. október og þá væri við hæfi að halda upp á það á grenndarsvæðinu.

Öflugt stjórnunarteymi hefur orðið til þar sem fagmennska, ósérhlífni og hæfni til að hugsa út fyrir boxið eru fyrir hendi. Ásdís Olga og Agnes sáu til þess að námskrá var skilað inn á Skóla- og frístundasvið í vor. Við bíðum nú ráðgjafar og tillagna um það sem betur mætti fara. Foreldraráðið kom með ábendingar áður en námskránni var skilað.

Bjartsýni og von um að geta stöðugt gert vel fyrir börnin í samstarfi við þau og foreldrana hvetja okkur áfram. Við viljum að börnin læri að þau eru mikilvægir einstaklingar sem hafa sjálfstæðan vilja og getu til að láta til sín taka á farsælan hátt.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans 2015 – 2016

- Það mat sem við notum allra mest eru spurningar sem verða til í einhverjum vanda sem upp kemur, málið er skoðað, úrbætur fundnar og þeim hrint í framkvæmd. Eðli málsins samkvæmt eru ekki alltaf til nema litlar og sundraðar skráningar. Við höfum ekki náð að halda utan um skráningar að neinu marki. Við höfum haft markmið um auknar skráningar í uppeldis- og leikumhverfinu en höfum ekki náð að framfylgja því sem skildi. Þær skráningar sem gerðar eru nýtast m.a. vel í foreldrasamtölum.
- Við höfum metið hvernig lykilhugtökin okkar tengjast starfinu á deildunum félagslega og efnislega. Úrbætur voru unnar jafnóðum úr umræðumati á deildarfundum og á skipulagsdögum.
- Við skoðum stöðugt hvernig börnin geta verið þátttakendur til að skapa bætt leikumhverfi. Við horfum á hvernig þau flytja með sér efni, hvernig þau nota myndskráningar og persónumöppur og það hvetur okkur áfram til að vinna með þessa þætti með þeim.
- Við skoðuðum leikefni og losuðum okkur við og keyptum nýtt eftir ábendingu Heilbrigðiseftirlitsins. Við fórum langt fram úr fjárhagsáætlun okkar hvað þetta varðar.
- Samstarf við foreldra og einstaka foreldra er í stöðugu endurmati og úrbótum.
- Skilafundir við grunnskólann voru endurmetnir og höfum við í samstarfi við Foldaskóla ákveðið þá breytingu á að foreldrar sitji þá fundi einnig. Fundur haldinn í Foldaskóla í vor.
- Endurmat er umræðumat og fer fram á deildarfundum og skipulagsdögum. Eðli þess mats sem við vinnum er alltaf úrbótamiðað þannig að niðurstöðum er hrint í framkvæmd jafnskjótt og matið er unnið.
- Foreldraráð og foreldrafélögin þrjú hafa unnið með okkur. Við höfum rætt starfið, fjárhagsramma þess, mannabreytingar sem foreldraráðið hefur haft áhyggjur af.
- Við höfum einnig rætt um að sameina foreldrafélögin en haft sundraðar skoðanir. Niðurstaða þess umræðumats er að við viljum samræma tilboð og gjöld en draga ekki úr drifkrafti foreldra sem unnið hafa sjálfbóðaliðsstarf til að gera nánasta umhverfi sinna barna betra. Drifkraftur foreldranna verður til af löngun til að taka þátt í leikskólastarfi barnsins síns. Við sem stýrum þurfum að hlusta á raddir foreldra.
- Styrkleikar eru fyrst og fremst að við höfum vilja til að gera betur. Veikleikar eru fjárskortur, stöðugar mannabreytingar í leikskólanum og hjá þeim sem við sækjum bjargir til bæði á Skóla- og frístundasviði og Fasteignasviði.
- Veikleikar þess að vera með þrjú hús er að tími stjórnenda fer í að fara á milli. Það er erfitt að bjóða upp á fasta viðveru í hverju húsi því á hverjum degi þarf að bregðast við mörgum verkefnum sem upp koma. Það eru verkefni sem tengjast einföldum og flóknum málum.
- Mikill tími hefur á árinu farið í að fylgja eftir ábendingum heilbrigðiseftirlits og vinnueftirlits. Þó nokkru hefur verið áorkað eins og að nú er salernisaðstaða í Logafold 18 betri. Enn er þó músagangur í Funafold 42 og steinþrær sem taka þarf burt eru enn í Frostafold 33. Þetta er nefnt hér því meðan ytri umgjörð krefst mikils tíma stjórnenda verða gögn til að skila á Skóla- og frístundasvið e.t.v. ekki með þeim hætti sem óskað er.

2.2 Ytra mat 2015 – 2016

Heilbrigðiseftirlit gerði skoðun í öllum húsunum

- Tilgangur eftirlitsins er að tryggja öryggi barnanna með því að krefjast úrbóta.
- Allt umhverfi er skoðað samkvæmt stöðlum eftirlitsins.
- Mörgu var ábótavant.
- Umbætur hafa margar verið unnar en fylgja þarf þeim eftir og fer mikill manntími í það.
- Garðurinn við Funafold 18 var lagaður skv. ábendingum.
- Rennibraut í Frostafold 33 var löguð skv. ábendingum.
- Enn eigum við eftir að samræma þrifaskráningu en hver deildarstjóri hefur sitt lag á skráningunni. Þetta er sett á úrbótalista núna.
- Við höfum gert athugasemd við tíðni þvotta sem heilbrigðiseftirlitið krefur starfsfólk um. Við teljum mikilvægara að nýta tíma starfsfólks í annað en þrifa af dýnum á nokkurra klukkutíma fresti enda öllu haldið aðskildu sem börnin sofa við. Athugasemd okkar hefur verið hafnað en ekki hrakin.

Vinnueftirlit gerði mat á starfsumhverfi starfsfólks

- Matið er gert til þess að gera starfsumhverfi aðlaðandi, öruggt og heilsueflandi.
- Margar ábendingar komu allt frá því að skirfborðsstólar væru gamlir og óheindir og til þess að salernisaðstöðu væri ábótavant.
- Í framhaldi matsins var salernisaðstaða í Logafold 18 bætt og einnig fékkst við það bætt kaffistofa starfsfólks.
- Skrifborðsstólum var hent en ekki hefur verið ráðist í að kaupa nýja, vegna fjárskorts.
- Við munum halda áfram að vinna úr niðurstöðum og eigum von á árlegri heimsókn beggja eftirlitanna og munum vinna með þeim áfram enda mikið og gott aðhald sem það veitir okkur.
- Ótal rafrænum matslistum, hefur verið svarað að beiðni sérfræðinga sviðsins og menntamálayfirvalda.

2.3 Mats- og umbótaáætlun Sunnufoldar fyrir 2016 – 2017

- **Dagskipulag** verður samræmt þó þannig að ekki raski fyrirkomulagi sem virkar vel á viðkomandi deild/starfsstöð. Viðleitnin er að fylgja eftir sömu starfsliðum með það að leiðarljósi að samræma tilboð til allra barnanna í Sunnufold. Þetta auðveldar yfirsýn og við bindum vonir við að bæta megi starfsumhverfi bæði barna og starfsfólks með þessu móti. Framkvæmd þegar tími vinnst til á haustönn. Rætt í stjórnendateymi og á deildarfundum. Kynnt starfsfólki. Kynnt á foreldrafundi í september. Eftirfylgni á deildarfundum og skipulagsdögum allan veturinn.
- **Efniviður í aðgengi barna.** Skoðað verður hvaða efnivið börnin hafa aðgang að. Þetta tengist hugmyndavinnu með samræmt dagskipulag. Stjórnunarteymið og deildarstjórar skipuleggja matsaðferðir og úrbætur.
- **Næring barnanna.** Símat fer fram með matráðum um þann mat sem er í boði. Við leitumst við að halda fjárhagsáætlun Skóla- og frístundasviðs og höfum manneldismarkmið Lýðheilsustöðvar jafnframt til hliðsjónar. Lýsi er boðið daglega. Við höfum kallað eftir gögnum frá sviðinu um hvernig við eigum að reikna fæðiskostnað starfsfólksins og eigum von á að fá það bráðlega.

- **Skil í lok dags.** Fara yfir og tengja við tilboð til barnanna en einnig hvað hagkvæmast er út frá rekstri og skipulagi fyrir starfsfólk. Draga þarf úr nýtingu svæða smám saman og skil þurfa að ganga hratt fyrir sig í lok dags þannig að allir séu komnir út klukkan 17:00 þegar vinnudegi lýkur, um leið og vistunartíma barna lýkur einnig.
- **Þrifaskráningar** með það að markmiði að gegna betur kalli Heilbrigðiseftirlits um að rétt sé gert. Kallað eftir frá deildarstjórum hvernig gert er og form samræmt af deildarstjórum og kynnt stjórateymi og starfsfólki. Eftirfylgni allt árið.
- **Skráningar** um hvernig börnin nota umhverfið á útinámssvæðinu okkar. Við viljum fara hægt og finna út með börnunum hvað þetta svæði getur gefið okkur og hvernig lesa megi það saman við lykilhugtök Sunnufoldar. Verkefnisstjóri verður á útinámssvæðinu og ber ábyrgð á skráningu, mati, úrbótum og eftirfylgni. Í tengslum við þetta starf hefur í nóvember verið bókuð skoðunarferð í leikskólann Stekkjarás í Hafnarfirði þar sem unnið er með útinám.
- **Starfið með næstelstu börnunum** verður eftir ábendingu foreldra um að starfið með elstu börnunum sé hnitmiðaðra og við fengum ósk um að gera eins fyrir næstelstu börnin. Deildarstjórar skrá tilboð og hafa eftirfylgni með símati og úrbótum ásamt kynningu til foreldra.
- **Vefsíða skólans** var lögð niður 2015 og reynt að nota nýjar lausnir. Við munum meta þetta og finna leiðir til að efla samskipti við foreldra með úrlausnum á vef.
- **Við tókum inn ung börn** í vor og aftur snemma í ágúst. Þá verður yfirflot og mikið álag og við teljum ekki að tilboð til elstu barnanna sé nægilegt með þessu móti því manntíminn fer í að sinna þeim yngri. Verður endurskoðað með umræðumati og samráði við Skóla- og frístundasvið.
- **Öryggisreglur** hafa verið skráðar í starfsmannahandbók og farið hefur verið yfir þær á starfsmannafundum. Fylgja þarf þeim eftir með stöðugu aðhaldi og yfirlestri með það að markmiði að tryggja öryggismenningu leikskólans.
- **Deildarstarf Álfheima og Hulduheima.** Skoðað verður hvort það sé æskilegur kostur að eitt deildarrými verði úr þessum tveim deildum. Mikið flæði hefur verið á milli deildanna og með því að sameina þær mætti koma betur til móts við aldursskipta hópa en nýta jafnframt herbergin fyrir sérstaka leiki t.d. teikningu og klippileiki, hlutverkaleiki og leiki á gólfi þar sem leikið er með kubba og bíla saman og búið til bæjarumhverfi eða annað. Í skilum og opnun yrði starfsfólk og börn saman þannig að samskipti gætu verið öflugri og markvissari. Einn starfsmaður gæti spilað við fimm börn meðan annar myndi hafa yfirsýn með þeim börnum sem væru í leikjum með leiknámsefnivið.
- **Læsisáætlun.** Farið verður yfir áætlunina og metið hvernig viðmið samræmast leikskólastarfinu og þeim áherslum frá Skóla- og frístundasviði sem birtast í skýjamyndunum hér á eftir og okkar áherslum sem tengjast þeim.
- **Jafnréttisáætlun.** Farið verður yfir áætlunina og metið hvernig viðmið samræmast leikskólastarfinu og þeim áherslum frá Skóla- og frístundasviði sem birtast í skýjamyndunum hér á eftir og okkar áherslum sem tengjast þeim.
- **Heilsuefling starfsfólks.** Rýnt verður hvað er hægt að gera til að vinna að velferð starfsfólks með það að markmiði að starfsánægja sé alltaf sem mest og fjarvera sem minnst.
- **Vogin.** Samstarf milli skólastiga og frístundar í Grafarvogi sem við tókum þátt í. Þetta samstarf er á byrjunarstigi enn.
- **Persónumöppur.** Höldum áfram og bætum við.

3. Umbótaþættir 2016 – 2017

3.1 Í starfsáætlun skóla- og frístundsviðs 2016 er lögð áhersla á fjóra umbótaþættir og sett fram dæmi um hlutverk starfsstaða fyrir hvern þeirra. Í þessum kafla skal gerð grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þessum umbótaþáttum.

3.1 Málþroski, læstrarfærni og lesskilningur

Framtíðarsýn um málþroska, læsi og lesskilning

- Öll börn í grunnskólum geti lesið sér til gagns.
- Samfella verði í móðurmálsnámi og þverfaglegt samstarf þar um í skóla- og frístundastarfi.
- Börn og unglingar verði gagnrýnir og meðvitaðir notendur fjölmiðla og samfélagsmiðla.
- Í öllu skóla- og frístundastarfi verði áhersla á læsi í víðum skilningi, t.d. umhverfislæsi og fjármálalæsi.

Verkefni Sunnufoldar:

- Málrækt er eitt af lykilhugtökum skólans.
- Við tölum við börn og leiðum samtöl þeirra á milli.
- Við leggjum áherslu á að börnin öðlist reynslu með safnferðum, gönguferðum og heimsóknum á menningarviðburði sem bjóðast. Upplifanir verða að máli í hugum barnanna og málþroski þeirra eykst.
- Lesið er á hverjum degi á öllum deildum.
- Við notum loðtöflusögur.
- Við segjum sögur frá eigin brjósti og að einhverju leiti úr eigin tilveru t.d. frá hundunum okkar og börnunum okkar og fleira sem getur auðgað málumhverfi barnanna.
- Bækur eru alltaf í aðgengi barnanna.
- Farið er í bókasafnið og sögustundir þar nýttar eins og kostur er.
- Teikniblöð og litir eru í aðgengi barnanna svo þau megi vinna úr reynslu með aldurssvarandi ritun.
- Ritmál er sýnilegt.
- Mánaðardagatal er sýnilegt börnum og unnið með börnunum að gerð þess.
- Daglegar söngstundir þar sem farið er með texta og þeir útskýrðir að einhverju leiti.
- Sé talið að um málþroskaröskun sé að ræða er samráð haft sérkennslustjóra sem er tengiliður okkar við Miðgarð og talmeinafræðinga sem þar starfa. Sérkennslustjóri leikskólans vinnur með foreldrum.
- Í foreldrasamtölum er rætt við foreldra um mikilvægi þess að lesa fyrir börn og tala við þau.
- Við notum persónumöppur til að vinna með tengingu milli leikskólans og heimalífsins.
- Við notfærum okkur tilboð um leikhús og fl. sem kostur er á og auðgar upplifun og mál.

3.2 Verk-, tækni- og listnám

Framtíðarsýn um verk-, tækni- og listnám

- Skapandi starf verði grundvallarþáttur í námi og þroska barna og ungmenna þar sem stuðst verði við fjölbreytta kennsluhætti og vinnubrögð.
- Börn hafi jöfn tækifæri til verk-, tækni- og listnáms hvar sem þau búa í borginni.
- Börn og unglingar fái fjölbreytt tækifæri til óformlegs list-, tækni- og verknáms í frístundastarfi.
- Upplýsingatækni verði nýtt til að efla hæfni barna og ungmenna til að vinna úr upplýsingum og takast á við fjölbreytt og skapandi viðfangsefni.
- Unglingar fái verklega framhaldsskólaáfanga metna sem valgreinar í grunnskólanámi.

Dæmi um hlutverk starfsstaða SFS:

- Nýta fjölbreyttar leiðir til að vekja áhuga barna á verk-, tækni- og listgreinum í skóla- og frístundastarfi, m.a. í samstarfi við fagfélög og vinnumarkað.
- Finna leiðir til að vinna að nýsköpunarverkefnum.
- Vinna að því að nýta aðstöðu fyrir verk-, tækni- og listfræðslu þvert á skóla- og frístundastarf, t.d. sérgreinastofur, bókasöfn og útikennsluvæði.
- Efla enn frekar tækifæri á sviði verk-, tækni- og listnáms á vettvangi frístundastarfs.

Hvað gerum við í Sunnufold

- Við bindum vonir við að útinámssvæðið muni auðga líf barnanna hvað varðar sköpun, verklagni, hugmyndir og hugsun um vanda sem kemur upp og þarf að leysa, skipuleggja og koma aftur að með nýrri færni.
- Við þurfum að rýna möguleika barnanna í görðunum okkar sem eru fjölbreyttir og spennandi.
- Við notum upplýsingatækni og margs konar efnivið. Við notum kubba og bækur. Við notum pappír, skæri og liti.
- Elstu börnin taka þátt í smíðatímum með Foldaskóla og hafa m.a. byggt dúkkuhús og dúkkurúm eftir eigin hugmyndum. Gera þarf samstarfsáætlun skilvirkari þannig að við séum skrefi á undan eins og hægt er, en stígum ekki samstarfsdansinn jafnóðum.
- Fjármagn er af mjög skornum skammti til kaupa á *leiknámsefni* en við munum leitast við að rýna þennan mikilvæga þátt betur skv. þessari skýjamynd frá Skóla- og frístundasviði og þeim hugmyndum sem koma fram þar fyrir neðan og eru frá sviðinu. Við hentum út miklu af s.k. verðlausu efni eftir ábendingu frá Heilbrigðiseftirlitinu. Líklegt er að skoða þurfi þennan þátt heildrænt.

3.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi

Framtíðarsýn um lýðræði jafnrétti og mannréttindi

- Börn og ungmenni verði með sterka sjálfsmynd og meðvituð um almenn mannréttindi, jafnrétti kynja og staðalmyndir.
- Virðing verði borin fyrir réttindum og hæfileikum allra barna og ungmenna.
- Börn og ungmenni verði virk í ákvörðunum um eigið nám og starf.
- Lýðræðislegt gildismat mótist í öllu námi og starfi og börn og ungmenni læri til lýðræðis í gegnum lýðræðisleg vinnubrögð.

Dæmi um hlutverk starfsstaða SFS

- Auka áhrif barna og ungmenna á inntak, skipulag og forgangsröðun í skóla- og frístundastarfi.
- Leggja áherslu á frumkvæði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi.
- Nýta niðurstöður rannsókna á nemendamiðuðu skóla- og frístundastarfi og hvetja starfsfólk til að sækja námskeið og ráðstefnur um lýðræðislegt skóla- og frístundastarf.
- Gæta jafnréttis á öllum sviðum og vinna að eflingu skóla- og frístundastarfs án aðgreiningar.
- Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar verði framfylgt á öllum starfsstöðvum SFS.
- Auka kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi og efla kynjafræðipækkingu starfsfólks með áherslu á að nýta þekkingu úr kynja- og hinsegin fræðum.

Hvað gerum við í Sunnufold

- Við störfum eftir hugmyndum um þjónandi forystu, við þjónum öllum vel og af fagmennsku, alltaf. Hugmyndir þjónandi forystu ganga út á að virkja alla til forystu, ábyrgðar og valds. Við leggjum áherslu á að við erum í námsfasa og lærum saman; við erum lík og ólík en öll mikilvæg
- Eitt af lykilhugtökum okkar er sjálfræði og allt starfið er lesið saman við það hugtak. Við teljum að sjálfræði sé undanfari lýðræðis þar sem börnin læra bæði að fara með völd og ábyrgð með því að njóta sjálfræðis.
- Við segjum já í 99% tilfella til að börnin fái að framfylgja hugmyndum sínum og ásetningi
- Þátttaka barna í mati á tilteknum þáttum
- Börn hafa aðgang að efnivið og fólki
- Börn fá tækifæri til að tala máli sínu og við aðstoðum þau í ágreiningum sem upp koma
- Við sinnum öllum börnum vel
- Við tengjumst öllum foreldrum með það að markmiði að öll börn njóti þess besta í okkar umsjá
- Við tölum við börnin um réttindi
- Við tölum við börnin um að ekki megi vera vondur
- Við tölum við börnin um að allir eigi að koma vel fram hvert við annað og ræðum í hverju það felst
- Við metum hvort og hvernig við mætum mismunandi þörfum vel
- Við gerum okkur grein fyrir hagsmunaárekstrum og takmörkuðu tilboði og leitum úrbóta

3.4 Fjölmening

Framtíðarsýn um fjölmeningu

- Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir komi til móts við þarfir allra barna og ungmenna.
- Öll börn nái árangri í íslensku og börn með annað móðurmál verði studd til að viðhalda og efla það.
- Haft verði frumkvæði að samstarfi við foreldra.

Dæmi um hlutverk starfsstaða SFS:

- Eru með virka íslenskukennslu fyrir börn af erlendum uppruna með áherslu á virkt tvítyngi.
- Nýta möguleika til að vera með móðurmálskennslu fyrir börn af erlendum uppruna.
- Tryggja að öll börn hafi jafnt aðgengi að fjölbreyttu frístundastarfi, ekki síst börn af erlendum uppruna.
- Leita nýrra leiða til að efla samstarf við foreldra barna af erlendum uppruna.
- Leggja áherslu á gagnkvæma aðlögun og samskipti barna óháð uppruna.

Hvað gerum við í Sunnufold

- Við viðurkennum og staðfestum hæfni barna
- Við notum túlk þegar þarf í foreldrasamskiptum
- Við leitumst við að hafa samskipti við foreldra á förnum vegi þó við tölum ekki sama tungumál
- Við fylgjumst með að öll börn njóti þroskaframvindu
- Við höfum málrækt í hávegum
- Við notum persónumöppur með öllum börnum og foreldrum
- Við höfum öflugt leiknámsefni
- Við notum orð í tösku og ætlum að þróa það frekar í samstarfi við ráðgjafa frá MML¹
- Við njótum ráðlegginga frá Miðju máls og læsis sem hefur á að skipa sérfræðingum um málþróun og málumhverfi barna á leikskólaaldri þ.m.t. tví og margtyndra barna

Tungumálin í
Sunnufold
haustið 2016

Tælska

Þýska

Íslenska

Pólska

Ítalska

Tagalog

Enska

Hollenska



... og svo

látbragðið

¹ Miðja máls og læsis er nýtt úrræði, teymi sérfræðinga til að ráðleggja kennurum sem vinna með börnunum

4 Aðrar áherslur í starfi leikskólans

Lykilhugtökin okkar eru:

hamingja, málrækt, leikur, sjálfræði og heilbrigði, sbr. mynd á forsíðu. Allt starf leikskólans miðast við þessi hugtök. Þau eiga að fléttast hvert í annað og tengjast öllu sem við gerum og hvernig við gerum.

Við höfum þróað verkfæri í starfinu sem við notum mikið en þurfum sífellt að brýna:

Við segjum já í 99% tilfella

...með því tryggjum við að áhugi og hugmyndir barnanna séu virtar og jákvætt andrúmsloft skapist í samskiptum barna og fullorðinna.

...þjálfun í að segja já í 99% tilfella eflir og styrkir starfsmenn til þess að verða enn betri starfsmenn.

...gerir allt starfið í heild jákvæðara, meira lifandi og skemmtilegra.

Fimmínútnareglan

...Í hvert sinn sem barn þarf að ganga í gegnum breytingar í leikskólanum, breytingar sem hugsanlega raska leik eða ró barnsins gefum við „viðvörðun“ eða fyrirvara.

Með því að segja að það séu fimm mínútur í næstu breytingar, t.d. fimm mínútur þangað til við förum út, fimm mínútur þangað til við tökum saman, höfum við gefið barninu tækifæri til þess að takast á við og sætta sig við breytingarnar, klára leikinn.

Val

...beintengt sjálfræði barna. Að barnið fái val að því hvernig hlutir/athafnir fari fram. Stundum er val um allt, en stundum er einungis val um leiðir. Viltu ganga sjálf/ur eða á ég að leiða þig?

Það hefur komið fram hugmynd og þörf fyrir **tíumínútnareglu** sem varðar að gefa barni sérstakan tíma til að efla möguleika þess til þroska og hamingju. Við þurfum að vinna með þessa hugmynd því það er vandasamt að alast upp í stórum samsettum hópum og fá sjaldan tíma bara fyrir sig... öll börn eiga rétt á því besta 😊

5 Starfsmannamál

5.1 Starfsmannahópurinn 1. júní

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Deildarstjórar	6	5,7	Leikskólakennarar
Deildarstjóri	1	1	M.A. gráða í menntunarfræðum
Leikskólaliðar	4	4	Leikskólaliðar
Leikskólakennarar	4	3,5	Leikskólakennarar
Þroskaþjálfari	1	1	Þroskaþjálfari
Sérkennslustjóri	1	0,6	Leikskólakennari
Aðstoðarleikskólastjóri	1,25	2	Leikskólakennarar + M.A.
Leikskólastjóri	1	1	Leikskólakennari
Leiðbeinendur	16	16	Margvísleg

5.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning)

Starfsþróunarsamtöl voru frá mars og fram í maí. Nær allt starfsfólk tjáði ánægju sína með það að fá afmarkaðan og undirbúinn tíma með leikskólastjóranum. Markmið samtalanna er að vinna að tengslum milli æðsta stjórnanda og einstakra starfsmanna. Niðurstöður samtalanna eru gagnleg til að vinna að úrbótum í starfinu með börnunum. Jákvæð tengsl samstarfsaðila eru undirstöðuatriði þó erfitt sé að skrá allar niðurstöður og skila í aðgengilegu formi enda markmiðið oft félagslegs. Við ætlum að bjóða samtöl oftari á komandi ári bæði að hausti og vori og skipta með okkur stjórnendum að hluta.

5.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Símenntun verður veitt að því leiti sem tími og fjármagn leyfir.

Við höfum ákveðið að vinna í vetur að hópefli alls okkar starfsfólks og höfum sett hluta af skipulagsdegi í það.

Starfsfólk í einni starfsstöð hafði frumkvæði að því að búa til kaffihúsastemningu hjá sér og bjóða okkur hinum. Við höldum þessu áfram.

Við höfum okkar jólagleði sem er eflandi og skemmtilegt og starfsfólk fær jólagjöf að vanda.

Við förum og skoðum útinámið hjá starfsfólkinu í Stekkjarási í Hafnarfirði og fáum fræðslu hjá þeim.

Við höfum stefnt á að fara í náms- og kynnisferð til Brighton m.a. til að auka starfsánægju og til að læra um útinám. Við stefnum á ferð vorið 2018.

Stjórnendur þurfa að læra á Sap mannauðskerfið.

Við fáum nýja vefsíðu og lærum að nota hana ásamt smáforriti sem auðveldar samskipt og upplýsingagjöf til foreldra.

6. Aðrar upplýsingar

6.1 Barnahópurinn 1. júní

- 152 börn voru í skólanum og samanlagðar dvalarstundir þeirra 1263.
- Kynjaskipting var 71 stúlkur og 81 drengir.
- Eitt var/er barn með fullan skilgreindan stuðning.
- 26 börn hættu í sumar og hófu grunnskólagöngu og þrjú börn til viðbótar sem fóru í fimm ára bekk í Ísaksskóla.
- Fimm börn hafa flust í aðra leikskóla og við vitum af fleirum sem fara með haustinu. Á móti kemur að einhver skipti eru á íbúum húsa í Foldahverfinu, fullorðið fólk flytur burt og yngra fólk inn þannig að við vonum að við njótum barna áfram 😊

6.2 Foreldrasamvinna

Foreldraráð. Einn fulltrúi er af hverri deild, samtals sjö fulltrúar. Fundað er sex sinnum á ári með leikskólastjóra. Ráðið ákveður að hausti hvernig það vill beita áhrifavaldi sínu.

- **Foreldrafundur** verður 20. september í Hlöðunni klukkan 19:30.
- **Foreldrasamtöl** Við notum hugtakið samtal en ekki viðtal því viðhorf okkar er að samtal sé farsælli kostur en viðtal. Við höfum eins mörg samtöl og þurfa þykir en tvö föst, eitt að hausti og annað að vori. Við biðjum foreldra að kalla eftir samtali ef þurfa þykir því sameiginlegt verkefni okkar er velferð barnanna og góður leikskóli.
- **Foreldrafélög** eru starfandi við allar starfsstöðvar. Við ætlum að samræma gjöldin, efla samvinnu og samræma tilboð til barnanna með það að markmiði að efla samstöðu í Sunnufold. Við viljum ekki missa niður drifkraft foreldranna sem unnið hafa að eflandi viðburðum með börnunum og þannig auðgað starfið.

6.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Samstarf verður með hefðbundum hætti með elstu börnunum og hefur farið vaxandi.
- Skilafundur með foreldrum elstu barna með Foldaskóla. Leitað eftir því sama með öðrum skólum sem börn fara í.
- Vogin er nýtt samstarfsverkefni í Grafarvogi og sérstaklega höfum við unnið með tengsl milli Sunnufoldar og Foldaskóla m.a. og við munum funda reglulega til að kortleggja og bæta samstarf okkar.

6.4 Skipulagsdagar

- Við lokum klukkan 15:00 þann 22. ágúst í Loga, í Funa 23. ágúst og í Frosta 24. ágúst.
- Þann 30. september lokum við öllum starfsstöðvum klukkan 15:00 og fundum öll saman.
- Þann 5. október er sameiginlegur skipulagsdagur með Foldaskóla og munum við vinna með starfsfólki skólans e.h. þann dag en deildarstjórum mun gefast kostur á að fara yfir þessa ársáætlun o.fl. f.h.
- 25. nóvember er skipulagsdagur allan daginn. Þá förum við í Stekkjarás og höfum jólagleði um kvöldið. Þann dag er einnig skipulagsdagur í Foldaskóla.
- 17. 18 og 19. janúar opnum við ekki starfsstöðvar fyrr en 10:00 og fundum til skiptis, sjá ofan.
- 17. mars er skipulagsdagur og er þá einnig skipulagsdagur í Foldaskóla.
- 21. apríl er heill skipulagsdagur.
- 18. maí lokum við öllum starfsstöðvum kl. 15:00 og höfum stóran starfsmannafund og endurmat á vetrarstarfinu.
- 6. júní lokum við allan daginn.

7. Fylgiskjöl

7.1 Mat okkar hefur í ár verið úrbótamiðað sýmat, sjá bls. 5 – 7.

7.2 Umsögn foreldraráðs, fengið á fundi 15. september .

7.3 Læsisáætlun

7.4 Jafnréttisáætlun.

7.5 Leikskóladagatalið.

F. h. leikskólans Sunnufoldar

Fanný Heímisdóttir 20.09.2016

Leikskólastjóri

Dagsetning

Starfsáætlun 2016 – 2017

Sunnufold

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Helgi Eide Guðjónsson
Hlédís Sigurðardóttir
Diljá Mist Einarsdóttir
Ólöf Harpa Halldórsdóttir
Karl Óttar Einarsson
Inga Jóna Kristjánsdóttir
Magnea Huld Ingólfssdóttir
Ragnar Karl Jóhannsson

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs Sunnufoldar:

Leikskóli er merkileg stofnun. Í árána rás hefur hlutverk hans og áhersla breyst og meiri áhersla verið lögð á leikskólann sem menntastofnun en ekki gæslustofnun. Sem dæmi um þetta má nefna að í leikskólum eru nú starfandi kennarar með háskólapróf og nú síðast var nám til kennsluréttinda í leikskóla lengt í 5 ár. Fulllærður leikskólakennari þarf því að skila hátt í 20 ára samfelldri skólagöngu. Mikil áhersla á mikilvægi leikskóla verður til þess að væntingar til leikskólanna aukast í samfélaginu, frá foreldrum, ráðamönnum og starfsmönnum. Ráðamenn gera metnaðarfullar kröfur með lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla, kröfu um skólanámskrá, kröfu um einstaklingsnámskrá, stefnu um skóla án aðgreiningar og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum og leiðbeinandi reglum. Kröfur foreldra eru á vissann hátt öðruvísi en opinberar kröfur. Foreldrar gera kröfu um að skólastarfið sé faglegt, að þar séu grunnþarfir barnanna uppfylltar s.s. næring, öryggi og hlýja, að börnin þroskist, dafni og séu stöðugt að uppgötva og læra. Fæstir foreldrar spá mikið í *hvernig* kröfurnar eru uppfylltar, heldur bara *hvort* þær séu uppfylltar. Aðferðafræðin er í höndum skólafyrivalda og starfsfólks skólanna.

Til þess að markmið með skólastarfinu náist þurfa þau að vera raunhæf. Er raunhæft að 2/3 hlutar starfsmanna leikskóla séu leikskólakennarar? Er það endilega betra? Myndi fylgja því nægt fé, eða myndi það draga úr mönnuninni? Það eru gerðar miklar kröfur um leikefni barna varðandi gæði. Er raunhæft að leikefniskostnaður barna séu 2000 krónur á ári? Einn góður perlukassi kostar hátt í leikefnisgjald þriggja barna. Er raunhæft að fæða leikskólabarn allann daginn með næringarríkum og hollum mat fyrir minna en 400 krónur á dag? Er raunhæft að ná að uppfylla kröfur um öryggi barna samhliða því að starfsfólk

leikskólans hafi möguleika á að sinna uppeldis og menntunarhlutverkinu sem krafist er af þeim m.v. þann mannafla sem mögulegt er að hafa við störf í leikskólanum m.t.t. fjárveitinga? Markmiðin eru skýr og góð. Til þess að hægt sé að taka þeim alvarlega þarf þó að fylgja þeim fé sem gerir markmiðin raunhæf. Að mati foreldraráðs Sunnufoldar má draga það í efa að framangreindum markmiðum sé unnt að ná miðað við þær fjárveitingar sem leikskólanum eru sett, hvorki opinberum kröfum sem gerðar eru af hálfu opinberra aðila og styttest í að kröfum foreldra sé ekki heldur mætt t.a.m. varðandi hollann og næringarríkan mat.

Mikill tími stjórnenda virðist fara í það að slást við borgarkerfið. Í skýrslu leikskólastjóra kemur fram að stjórnendur eigi í miklu basli með að ná fram úrbótum sem þó eru settar fram af hálfu Heilbrigðis- og vinnueftirliti. Í okkar huga lýsir það metnaðarleysi af hálfu Reykjavíkurborgar að ekki sé brugðist ákveðnar við athugasemdum frá þessum opinberu aðilum. Í okkar huga eiga þessar úrbætur að eiga sér stað, því sem næst sjálfkrafa, án mikilla atbeina stjórnenda leikskólanna þannig að stjórnendur og starfsmenn leikskóla geti sinnt sínu starfi fyrst og fremst sem stjórnendur menntastofnunar. Eignasvið Reykjavíkurborgar, og Reykjavíkurborg í heild, ætti sem eigandi og leigjandi fasteigna leikskólans að sjá sóma sinn í að gera húsnæðið og umbúnað þess þannig úr garði að öryggi barna okkar og þeirra sem annast þau á hverjum degi sé ekki með neinum hætti hægt að draga í efa. Í starfsáætluninni má glögg sjá að ekki vinnst tími til að sinna mörgum mikilvægum verkefnum, eða ekki eins vel og best verður á kosið. Verður ekki annað ráðið af því að fleiri hendur vanti til starfans. Umbótaáætlun tiltekur atriði sem ætlunin er að vinna með og bæta. Markmiðin eru góð en eru þau raunhæf í núverandi ástandi?

Leikskólinn Sunnufold er flottur leikskóli með flotta starfsmenn og stjórnendur og mikil tækifæri. Gera þarf starfsumhverfi leikskóla almennt meira aðlagandi til að halda í það góða fólk sem þar starfar og ekki síst að halda í það fólk sem byrjar, draga þannig úr starfsmannaveltu og auka öryggistilfinningu barna okkar og hvetja ungt fólk til að gera starf innan leikskólans að ákjósanlegum starfsvettvangi til framtíðar. Foreldraráð Sunnufoldar lýsir fullum stuðningi við stjórnendur og starfsmenn leikskólans, veitir starfsáætluninni góða og jákvæða umsögn en stillir væntingum í hóp m.t.t. þeirra fjárveitinga sem leikskólanum eru settar. Foreldraráð Sunnufoldar hvetur stjórnvöld til að endurskoða fjárveitingar leikskóla, fyrsta skólastigsins á Íslandi.

Læsisáætlun Sunnufoldar

Sunnufold leggur áherslu á að allt nám fari fram í gegnum leik þar sem kennarinn styður á jákvæðan hátt við framþróun barns. Leikskólinn vinnur eftir læsisstefnu Reyjavíkurborgar, Lesið í leik .

1. Hlutverk kennarans

Kennarinn er í lykilhlutverki í bernskulæsi. Hann er fyrirmynd barns í töluðu máli og þarf að vanda málfar sitt. Við leggjum áherslu á opnar spurningar og hvetjum barn/börn þannig til samræðna um ýmis málefni. Opnar spurningar gefa börnum skilaboð um að á þau sé hlustað og að þau njóti virðingar. Kennari setur orð á athafnir við ýmsar aðstæður í daglegu starfi og auðgar með því orðaforða og málskilning barns. Kennari þarf alltaf að vera vakandi fyrir því að grípa þau tækifæri sem gefast til samræðna og málörvunar í daglegri rúttíu. Kennari finnur leiðir til að koma til móts við hvert og eitt barn og því þarf hann að vera meðvitaður um starfshætti sína og þær aðferðir sem hann notar í starfi með börnum.

Mikilvægt er að kennari geri sér grein fyrir hlutverki sínu í málrækt. Hann þarf að hvetja og styðja við barnið þegar það tjáir sig og hjálpa því að bæta orðaforðann.

2. Aðgengi að efnivið og þekkingu

Mikilvægt er að gott aðgengi sé að mál- og læsishvetjandi efni í umhverfi barna. Börnin hafa alltaf aðgang að bókum, þau geta valið sér bók þegar þau vilja, hvort heldur ein eða með félögum sínum. Leikskólinn á úrval af spilum, kubbum og púslum með bókstöfum og tölustöfum sem börnin hafa aðgang að, ýmist í frjálsum leik eða skipulögðu starfi.

Ritmál er sýnilegt.

Myndskreytt spjöld með stafrófinu er uppi á öllum deildum, einnig tölustafir táknaðir með fjölda. Nafn barns eru sýnilegt á ýmsum stöðum á deildum til dæmis hólf þess og skúffu. Skipulag deildar er gert sýnilegt með merkingu t.d. hvar hver hlutur á að vera. Blöð blýantar og litir eru alltaf aðgengileg börnum á öllum deildum. Myndir og hlutir eru hafðir sýnilegir til að skapa umræðuefni og til að byggja upp orðaforða og málnotkun barna. Málörvunarleikir svo sem orð í tösku er spennandi verkefni þar sem kennari eða barn dregur hluti upp úr tösku sem skapa umræðuefni og gefur tækifæri á mynda skilning og þekkingu. Aðferðin er notuð í hóp eða með einu barni sem þarf að fá málrækt og/eða skemmtun sem eflir.

Spjaldtölva (Ipad) er notuð til að styðja við snemmtæka íhlutun og þegar börn óska þess eða biðja um að vinna í henni. Unnið er í spjaldtölvunni með starfsmanni sem gegnir lykilhlutverki í að örva barn til frásagnar á því efni sem skoðað er hverju sinni. Notaðir eru leikir, myndir eða annað á veraldarvefnum til að vekja áhuga barna og virkja það í tali og til að auka skilning.

Persónumöppur

Persónumappa barnsins er komin í vinnslu á öllum yngri barna deildum, mappan fylgir svo barni yfir á eldri deild og þar er unnið áfram með hana. Foreldrar koma með möppu að heiman þar sem í eru myndir af fjölskyldu og atburðum úr lífi barns fram að leikskóla. Leikskólinn og barnið/foreldrar safna svo í möppuna efni sem tengist dvöl þess í leikskólanum bæði viðburðum, vinnu og upplifun barns. Innihald möppunnar styður frásögn barns bæði heima og í leikskólanum og er tilvalin til málörvunar bæði heima fyrir og í leikskólanum.

3. Barnabókmenntir

Bækur

Lesið er fyrir börn á hverjum degi bæði einstök börn sem og misstóra hópa. Val bóka fer eftir aldri og áhuga barna. Lögð er áhersla á fjölbreytt efni og fræðandi. Fyrir eldri börn eru lesnar framhaldssögur lítt myndskreyttar. Mikilvægt er að nýta sögustundir til málörvunar, skoða orð og hvað þau þýða, hvernig sama orðið getur haft mismunandi merkingu. Velta fyrir sér sögupersónum, líðan þeirra og athöfnum. Börnin fá tækifæri til að segja sínar eigin sögur með Sögugrunninum sem eflir þau í málþroska í gegnum leik. Kennari segir einnig sögur frá eigin brjósti og getur með því gert viðstadda að þátttakanda í sögunni.

Þulur

Við eigum ógrynni af þulum og kvæðum og eru þær mikið notaðar. Þulur eru góður grunnur í rími og til að átta sig á hrynjanda máls. Þulur þjálfu einnig hljómfall, framburð og eru góð þjálfun í hlustun og eflir minni.

4. Söngur og kveðskapur

Söngvar, vísur og þulur er mikilvægur efniviður.

Söngur er fastur dagskrárliður í leikskólanum. Sungið í stórum og smáum hópum. Sönginn tengjum við líka framburði þannig að við æfum það hljóð sem fyrsti stafur í orði segir. Vanda þarf framburð og hraða í söng þannig að börnin heyri vel hvað sagt er og nái textanum.

Dæmi:

*Ég fór í dýragarð í gær og gettu
hvað ég sá*

*Ég fór í dýragarð í gær og gettu
hvað ég sá*

F,F,F,F flinn þar ég sá

F,F,F,F flinn þar ég sá

*Hér fylgjast þau vel með og æfa sig í
hljóðinu sem stafurinn segir alveg
frá eins árs aldri*

5. Samstarf við foreldra

Leikskólinn hefur frumkvæði að samstarfi við foreldra um eflingu læsis. Foreldrum er bent á bæklinginn “Málþroski sameiginleg ábyrgð”, 0-3 ára og 3-6 ára, og þeir hvattir til að lesa fyrir börn sín og rætt um mikilvægi málörvunar og málskilnings fyrir barnið.

Upplýsingamiðlun er bæði munnleg og skrifleg. Foreldrar fá senda pósta um það sem gert er í leikskólanum og um það sem er á döfinni. Einnig er efni miðlað á heimasíðu leikskólans.

Foreldrasamtöl eru a.m.k. einu sinni á ári og oftast ef þörf krefur. Ef grunur er um seinkaðan málþroska er rætt um hvað gert er í leikskólanum og hvað foreldrar gera, Mikilvægt er að foreldrar og starfsfólk leikskólans finni lausnir sem hægt er að vinna með í sameiningu til að ná sem bestum árangri með barninu.

6. Fjölbreytt samstarf

Einu sinni í mánuði fara öll börn nema allra yngstu börnin á bókasafnið í Spöng þar sem þau fá að velja sér bækur og hlusta á sögu sem er lesin fyrir þau. Sóla sögukona kemur á sögubílnum Æringja í leikskólann einu sinni á skólaárinu og les fyrir þau sögu. Öll börn fara á sýningar hjá Brúðubílum. Elstu börnin fara á fleiri viðburði sem tengjast listum og læsi svo sem Sinfóniuna og leikhúsin. Elstu og næst elstu börnin sækja líka söfn heim yfir allt starfsárið. Börnin í Sunnufold fara í desember og syngja fyrir heimilisfólk Foldabæjar.

Samstarf við nærumhverfið er mest hjá elstu börnunum. Þau fara reglulega í heimsókn í

frístundheimilið Regnbogaland í Foldaskóla. Þau fara í heimsóknir í Foldaskóla og á vorönn fara þau á tveggja vikna sundnámskeið hjá Sunddeild Fjölnis á vegum foreldra. Stuðst hefur verið við hugmyndir barna varðandi samstarf til dæmis fóru elstu börnin í Loga í smíði í Foldaskóla þar sem þau gerðu dúkkuhús til að hafa inn á deild. Þetta samstarf er nýlega komið á og er metið jafn óðum. Mikill áhugi er að auka þetta samstarf og þá sérstaklega við Foldaskóla. Með þessu fjölbreytta samstarfi fá börn tækifæri til að auka orðaforða og seta orð á upplifanir sínar. Þau eru hvött til að segja frá bæði einstaklingslega og í hóp.

Með fjölbreyttum upplifunum hefur barn tækifæri til að bæta við orðaforða sinn og tengja orð og athafnir saman

7. Börn með annað móðurmál en íslensku

Foreldrar eru hvattir til að tala eigið móðurmál við barn sitt. Tvítyngt – fjöltyngt barn fær bók sem lesin er fyrir það í leikskólanum með sér heim og foreldrar lesa fyrir það heima á sínu tungumáli eða spjalla um myndir bókarinnar. Í leikskólanum er lagt upp úr félagsfærni og samskiptatækni svo öll börn upplifi sig sterk og séu hluti af hóp. Við leitumst við að finna leiðir, tíma og rými til að koma til móts við börn og styðja þau í virkri þátttöku í leik og starfi. Myndrænt skipulag er notað til að auka skilning ásamt félagsfærnisögum og samskiptabókum.

8. Barnið í brennidepli

Í öllu starfi okkar í Sunnufold leggjum við áherslu á barnið sjálft. Við notum skráningar til að fylgjast með framförum barna og áhugasviði þeirra sem er notað til að ná sem bestum árangri. Áhugasviðið er notað sem upphafsreitur og stökkpallur í áframhaldandi þróun og námi barna. Kennarar Sunnufoldar þurfa að vera vakandi fyrir áhugasviðum barna og námi þeirra. Þeir þurfa að vera meðvitaðir um hvernig börn læra á leikskólaaldri og vera sífellt að skoða sjálfan sig í starfi með börnum. Mikilvægt er að hafa í huga þann grunn sem barnið kemur með inn í leikskólann, fyrri reynslu þess og fjölskylduhagi.

9. Framfarir barna

Í Sunnufold er lögð áhersla á að framfarir og nám barna byggist á þátttöku þeirra og samvinnu starfsfólks og foreldra. Með því móti er hægt að öðlast betri skilning og innsýn í nám barna, styrkleika þeirra og áhugasvið. Áhersla er lögð á vellíðan barna en ekki afmarkaða þætti. Fylgst er með framförum barns í málþroska og læsi með því að skoða verk barna, samskipti þeirra við aðra og að skrá og meta hæfni þeirra, þekkingu og styrkleika. Foreldrar taka þátt í að meta framfarir barna með því að mæta og taka þátt í foreldrasamtölum og með því að eiga í daglegum samskiptum við starfsfólk.

10. Ítarefni

Læsisstefna Reykjavíkurborgar: Lesið í leik

Fjölmennung í leikskóla: Heimurinn er hér

Málþroski, sameiginleg ábyrgð: 0-3 ára og 3-6 ára

Heimasíða HTÍ: Almenn málörvun

Leiðavísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli:

Einn leikskóli – mörg tungumál

Um læsi og lestrarerfiðleika: Lesvefurinn

Þemahefti um námsmat í leikskólum

Aðalnámskrá leikskóla 2011

Jafnréttisáætlun Sunnufoldar

Leikskólinn Sunnufold vinnur eftir jafnréttis- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Í stefnunni kemur fram að allir borgarþúar skulu njóta jafns réttar, án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Börn

Í Sunnufold viljum við tryggja að öll börn fái það sama en við notum einstaklingsmiðun til að tryggja öllum börnum það besta. Við vinnum markvisst að þeirri sýn að allir einstaklingar eigi jafna möguleika og hafi rétt til að þroska hæfileika sína á eigin forsendum. Við lítum svo á að jafnréttishugsun barna mótist af reynslu þeirra og upplifun og fái merkingu í vitund þeirra í gegnum félagsleg samskipti.

Fyrirmyndir

Í Sunnufold leggjum við áherslu á áhrif samskipta í leikskólanum og teljum að áhrifa skólalags gæti alltaf í jafnréttissýn barna ásamt áhrifum frá nærumhverfinu og samfélaginu í heild. Allt starfsfólk leikskólans er meðvitað um að viðhorf þeirra endurspeglast í hegðun barna, við erum ávallt fyrirmyndir í daglegu starfi.

Fræðsla

Vinna okkar í starfi með börnum er alltaf hugsuð út frá jafnréttissjónarmiðum hvort sem það er við val á bókum, í umræðum og/eða öðru starfi. Notuð eru hjálpargögn eins og stig af stigi, dæmisögur og bækur til að ræða og velta upp ólíkum aðstæðum fólks ásamt dægurflugum líðandi stundar.

Starfsfólk

Stuðlað er að fjölbreytileika þegar kemur að ráðningu starfsfólks og leitast við að jafna stöðu kynjanna. Einnig er unnið að því að allir fái verkefni við hæfi. Bakgrunnur starfsfólks er ólíkur en Sunnufold reynir að tryggja að allir fái tækifæri á að nýta hæfileika sína í starfi með börnum. Við teljum að fjölbreytileikinn skili sér í jákvæðum viðhorfum starfsfólks og barna til jafnréttis. Starfsfólki fær tækifæri á að þróa sig í starfi meðal annars með handleiðslu leikskólalastjóra í starfsþróunar- og leiðbeiningarsamtölum.

Forráðamenn

Forráðamenn eru hvattir til að vera þátttakendur í leikskólagöngu barna sinna. Leitast er við að hafa góð samskipti og samvinnu við forráðamenn og tekið er tillit til skoðana þeirra og óska er varða hag barna þeirra og leikskólastarfið. Jafnframt eiga upplýsingar frá leikskólanum að berast jafnt til forráðamanna.

Fylgiskjal 5

Varðandi dagatalið

Ítarlegra dagatal verður birt á vef jafnóðum og það verður til en hér fylgja þau drög sem til eru. Foreldraráð samþykkti fyrirkomulag skipulagsdaga á síðasta fundi í vor og þann 15. september eina breytingu þar á, sbr. fundargerðir foreldraráðsfunda.

Samþykkt var af foreldraráði Sunnufoldar og Skóla- og frístundasviði að hafa 5 heila skipulagsdaga í stað 6 eins og lög gera ráð fyrir. Við skiptum þessum eina degi upp í fjóra daga þar sem lokað er í tvo tíma í senn til að auka möguleika á starfsmannafundum og til að efla skilvirkni í áætlunar- og matsvinnu.

Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi skv. reglum Skóla- og frístundasviðs og gjaldskrá. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Við munum skoða þetta á haustdögum varðandi sumarið 2017.

Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík. Samræming er um þrjá skipulagsdaga milli Sunnufoldar og Foldaskóla, 5. okt. 25. nóv. og 17. mars.

Dagatalið fylgir sem excel skjal

